



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7  
105 Reykjavík

Dagsetning 24. febrúar 2025  
Málsnúmer FJR25010160

## Beiðni um úttekt

Ráðuneytið hefur undanfarið haft til skoðunar verklag og lagaskilyrði sem gilda um framlög til stjórnmalasamtaka. Þetta er gert í kjölfar þess að fram komu upplýsingar um að stjórnmalasamtök, sem úthlutað hefur verið framlögum úr ríkissjóði af hálfu ráðuneytisins á grundvelli laga um starfsemi stjórnmalaflokka, hafi ekki uppfyllt skilyrði um skráningu í stjórnmalasamtakaskrá.

Talsverð umræða hefur skapast um hvort framkvæmd greiðslna til stjórnmalasamtaka hafi verið í samræmi við áskilnað laga. Ráðuneytið birti niðurstöðu sína opinberlega þann 7. febrúar sl. hvað þetta varðar þar sem fram kom að misbrestur hafi verið í verklagi við úthlutun framlaga og að slíkt verklag hafi nú verið endurskoðað sérstaklega innan ráðuneytisins.

Samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga hefur ríkisendurskoðandi m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með að fjárheimildum ríkisins sé ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Lögin kveða á um að ríkisendurskoðandi ákveði sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögnum.

Til að tryggja fullnægjandi skoðun á framangreindu máli eftir að ljóst varð um umræddan ágalla á framkvæmdinni er þess hér með farið á leit við Ríkisendurskoðun að hún kanni og leggi mat á stjórnsýslulega framkvæmd og úrvinnslu ráðuneytisins eftir að ábendingar komu fram og hvort hún hafi samrýmst góðum stjórnsýsluháttum.

Daði Már Kristófersson

Hermann Sæmundsson